



Fréttabréf FFA - mars 2025

Aðalfundur FFA 2025 verður haldinn 3. mars kl. 20 í Lionssalnum Skipagötu 14.

[Sjá nánar: Aðalfundur 2025](#)

Úr starfinu:

Í lok janúar hófst grunnnámskeið á utanbrautarskiðum. Því miður hefur ekki tekist að ljúka því en það tekst vonandi í byrjun mars. Sama á við um framhaldsnámskeiðið sem til stóð að hafa en það er ekki öll von úti enn. OG enn sem komið er höfum við ekki getað haft eina einustu skíðaferð af metnaðarfullri dagskrá skíðaráðs en það kemur örugglega til með að breytast með meiri snjó, þá verða allir í startholunum fyrir flottar skíðaferðir.

Í febrúar voru tveir viðburðir í húsnæði FFA við Strandgötu. Fyrst sagði Rakel Hinriksdóttir frá upplifun sinni á að vera skálavörður í Drekgili sl. sumar. Það var einstaklega skemmtileg nálgun hjá henni á viðfangsefninu enda skáld, listakona og blaðamaður.

Seinni viðburðurinn var kynning á sumarleyfisferðum FFA 2025. Þá sagði Birna Baldursdóttir frá helgarferð á Glerárdal sem verður farin í ágúst. Einnig var Ingvar Teitsson með fróðlega upprifjun á aðkomu FFA á uppbyggingu félagsins á hálendinu. Hann kynnti einnig þrjár ferðir sem FFA býður upp á á öræfasvæðinu í sumar. Báðir þessir viðburðir voru mjög vel sóttir. Hægt er að sjá allt um ferðirnar á heimasíðu FFA.

[Næsta Opna hús verður 6. mars](#)

Á heimasíðu FFA kennir margra grasa og hvetjum við fólk til að kynna sér hana. Sem dæmi má nefna að nýlega var lokið við að setja inn myndir úr langflestum ferðum sem farnar voru á vegum félagsins 2024. Auðvelt er að finna þær; efst á síðunni er banner og lengst til hægri MYNDIR, þar kemur upp gardína þar sem eru myndir úr starfi félagsins. Skemmtilegar ferðasögur er hægt að finna undir Ferðir, **[FERÐASÖGUR](#)** (tengill)

KYNNING Á ÖLLUM FERÐUM FFA 2025 og starfi félagsins 27. mars kl. 20 í VMA

Takið kvöldið frá

[Sjá nánar](#)